

Nd.

594. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sóknargjöld.

Frumvarp þetta er að miklu leyti samhljóða tillögum millipinganevndarinnar í skattamálum. Nefndin er samþykk aðalstefnu frumvarpsins og lætur sér nægja að vísa til álits skattanevndarinnar og nefndar þeirrar í Ed., er hafði mál þetta til athugunar.

Um einstök atriði skal það tekið fram, að eftir tillögum millipinganevndarinnar á kirkjugjald að öllu leyti að koma jafnt niður á hvern gjaldskyldan safnaðarlim, en í 7. gr. þessa frumvarps er svo fyrir mælt, að ávalt þegar kirkjugjald í sóknum, þar sem söfnuður hefir á hendi umsjón og fjárhald kirkju, er hækkað frá því, sem lögákveðið er,

skuli gjaldaukanum jafna niður að hálfu leyti eftir efnum og ástæðum. Tæð breyting er að vísu brot á þeirri meginreglu frumvarpsins, að kirkjugjaldið sé persónugjald, en til þess að réttlæta það, hefir nefndin í Ed. haldið því fram, að hækkun gjaldsins, þegar svo á stendur, að kirkja er bygð og lúka þarf byggingarkostnaði hennar, geti sem persónugjald komið þungt niður á félitlum mönnum, og að sanngirni mæli með því, að efna-menn leggi þá tiltölulegs meira fram en fátæklingar. enda muni þeir oftast ráða meiru um kostnaðinn, hversu mikill hann verður.

Jafnvel þó þetta sé ef til vill fullgild ástæða til þess, að hafa undantekningu frá aðalreglu frumvarpsins um greiðslu kirkjugjaldsins, þegar svo sérstaklega stendur á, að gjaldaukinn yrði afarmikill, er þar fyrir engin brýn nauðsyn á að víkja frá reglunni, þegar einungis er um litla hækkun að ræða. Hve mikil sú kækkun megi vera, án þess að gjaldmátanum sé breytt, mætti að vísu til taka í lögnum, en réttast virðist, að láta sóknarnefnd, safnaðarfund og héraðsfund í sameiningu hafa frjálssar hendur að hækka persónugjaldið eftir því, sem fært pykir. En fari svo, að gjald það, sem þannig er ákveðið, nægi ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum kirkjunnar, þarf sóknarnefnd að hafa heimild til að jafna niður sérstaklega því, sem á vantar, og virðist þá óbrotfast að tæð aukaniðurlögun, sem að líkindum þyrfti sjaldan að grípa til, fari að öllu leyti eftir efnum og ástæðum.

Í 8. gr. frumvarpsins er svo fyrir mælt, að þegar landsstjórnin ákveður kirkjugjald í sóknum, þar sem söfnuður hefir ekki tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, skuli gjaldið nema minnst jafnmikilli upphæð og allar sóknartekjur kirkjunnar hafa numið eftir 10 ára meðaltali. Með því að orðið »minst« í þessu sambandi getur valdið misskilningi á þá leið, að hámark gjaldsins eigi að vera algerlega á valdi landsstjórnarinnar, vill nefndin fella það niður, enda stóð það ekki í tillögum skattamálanefndarinnar. Á hinn bóginn virðist það leiða af sjálfu sér, að ekki þurfi að hnitmiða upphæð gjaldsins við meðaltal undanfarinna ára frekara en svo, að gjaldið standi jafnan á heilum eyri.

Í 3. og 9. gr. frumvarpsins er eindagi sóknargjalda tiltekinn 15. október. En þar er sá annmarki á, að manntal er ekki tekið fyrir en í desember, eða að því er snertir Reykjavíkurborgina síðari hluta októbermánaðar. Með tilliti til þess virðist haganlegra að gjalddaginn sé ákveðinn 31. desember.

Í 11. gr. frumvarpsins er svo ákveðið, að prestir og hreppstjóra eða bæjarfógeta í kaupstöðum sé skylt að láta sóknarnefnd í tæ manntalsskýrslur. En með því að hreppstjórar eru lausir við að taka manntal, og sömuleiðis bæjarfógetar, annarstaðar en í Reykjavík, pykir rétt að víkja við orðalaginu í upphafi greinarinnar.

Breytingartillögur nefndarinnar eru þessar:

1. Við 3. gr. Fyrir »15. október« komi: 31. desember.
2. — 7. — Fyrir »kirkjugjöld« komi: kirkjugjald.
3. — 7. — Síðasta málsgrein orðist svo:

Ef hið lögskipaða kirkjugjald með hækkun þeirri, er sóknarnefnd hefir ákveðið og safnaðarfundur og héraðsfundur samþykkt. nægir ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum kirkjunnar, er sóknarnefnd heimilt að jafna niður því, sem á vantar, á alla gjaldskylda safnaðarlimi eftir efnum og ástæðum.

4. — 8. — Orðið »minst« falli burt.
5. — 9. — Fyrir »15. október« komi: 31. desember.
6. — 11. — Fyrir »Prestir — skýrslur þær« komi: Prestir eða öðrum þeim, er mann-

tal skal taka, er skylt að láta sóknarnefnd í té ókeypis 'skýrslur þær um manntal.

Að öðru leyti skal þess getið, að með því að hér er að ræða um einn lið í nýju skattakerfi, og þjóðin hefir æskt þess á þingmálafundum, að þar að lútandi tillögum skattamálanefndarinnar verði ekki ráðið til lykta á þessu þingi, þykir ekki ráðlegt að afgreiða nú frumvarpið sem lög, enda mun nefndin síðar koma fram með tillögu um að fullnaðarúrslitum málsins verði frestað.

Alþingi 22. apríl 1909.

Ólafur Briem
form. og framsögum.

Björn Kristjánsson
skrifari.

Jóh. Jóhannesson.

Einar Jónsson.

Magnús Blöndahl.

Við erum ósamþykkir heiðruðum meðnefndarmönnum okkar í því, að vér viljum láta alla þá, sem ekki eru þjóðkirkjutruar, vera lausa við þessi gjöld.

Jón Olafsson.

Jón Sigurðsson.